



TÁLKNAFJARÐARHREPPUR



GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu, sorpeyðingu og endurvinnslu í Tálknafjarðarhreppi 2020

1.gr.

Hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps er heimilt að leggja á árlegt sorphirðu-, sorpeyðingar og endurvinnslugjald sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2.gr.

Umhverfísgjald A er innheimt árlega vegna sorphirðu, -eyðingu og fyrir afnot af gámvelli, fyrir einstakar íbúðir, íbúðarhúsnæði, sumarhús og lögbýli sem hér segir :

- Sorphreinsunargjald, íbúðir 20.500 kr. á hvert sorphílát
- Sorpeyðingargjald, íbúðir 33.300 kr. á hvert sorphílát
- Sumarhús, lögbýli 33.300 kr.

3.gr.

Umhverfísgjald B er endurvinnslugjald vegna móttöku og þjónustu á gámvelli við lögaðila, iðnaðar-, skrifstofu- og verslunarhúsnæði, fyrirtækja, stofnanna, félaga og félagasamtaka er á ári sem hér segir :

- Flokkur 1 61.500 kr.
- Flokkur 2 121.600 kr.
- Flokkur 3 182.450 kr.
- Flokkur 4 305.450 kr.
- Flokkur 5 428.450 kr.
- Flokkur 6 735.950 kr.
- Flokkur 7 málmar 28 kr m. vsk pr..kg.

Hreppsnefnd skipar framangreindum aðilum í gjaldflokkum, þau atriði sem hafa áhrif á matið eru nánar skilgreind í viðauka við gjaldskrá.

4.gr.

Að lokinni álagningu gjalda skv. 2. og 3.gr gefst greiðendum 30 daga frestur til að gera athugasemdir við gjaldtöku hreppsnefndar. Ósk um breytingu gjalda skal vera skrifleg og vel rökstudd og er hreppsnefnd heimilt að breyta gjaldtöku með tilliti til réttmætis framsettra athugasemda.

5.gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt 59.gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1383/2018.

Tálknafjarðarhreppur 12. desember 2019

Bjarnveig Guðbrandsdóttir, Oddviti



TÁLKNAFJARÐARHREPPUR



Viðauki við gjaldskrá umhverfisgjalda í Tálknafjarðarhreppi.

Skilgreining gjaldflokka umhverfisgjalda B

Eftirfarandi viðmiðanir eru notaðar við mat á flokkun aðila í gjaldflokka vegna umhverfisgjalda B í gjaldskrá Tálknafjarðarhrepps fyrir umhverfisgjald :

1. Flokkur

- a) Skrifstofur og umboðsfyrirtæki með 0-2 starfsmönnum
- b) Söluturnar án veitingaraðstöðu
- c) Smærri verslanir (fatnaðar-, gjafavöru- og minjagripaverslanir
- d) Lítil hótél eða gistiheimili (fyrir 0-10 gesti)
- e) Bílaleigur

2. Flokkur

- a) Lítil iðn- og þjónustufyrirtæki (0-2 starfsmenn)
- b) Meðalstór hótél eða gistiheimili fyrir 11-25 gesti
- c) Söluturnar með veitingaaðstöðu og litlir veitingastaðir (fyrir 0-10 gesti)
- d) Litlir skólar (0-15 nemendur)
- e) Leikskólar
- f) Skrifstofur og umboðsfyrirtæki með 3-5 starfsmönnum
- g) Litlar fiskverkanir (0-100 tonn/ári)

3. Flokkur

- a) Miðlungs veitingastaðir (11-15 gestir)
- b) Miðlungs verslun
- c) Áhaldahús
- d) Miðlungs skólar (16-30 nemendur)
- e) Skrifstofur og umboðsfyrirtæki með 6-8 starfsmönnum
- f) Stærri hótél eða gistiheimili (fyrir 26 eða fleiri gesti)
- g) Bifreiðaverkstæði, rafverktakar hjólbarðaverkstæði og önnur iðnfyrirtæki (3-4 starfsmenn)
- h) Miðlungs fiskverkanir (101-500 tonn/ári)

4. Flokkur

- a) Skrifstofur og umboðsfyrirtæki með 9 eða fleiri starfsmönnum
- b) Stærri skólar (31 nemandi eða fleiri)
- c) Matvöruverslanir og stærri verslanir
- d) Stærri fiskverkanir (501-1000 tonn á ári)
- e) Bankar og sparisjóðir g) Bifreiða-, rafverktaka-, og vélaverkstæði og önnur iðnfyrirtæki (5-7 starfsmenn)
- f) Bensínstöðvar

5. Flokkur

- a) Minni fiskvinnslustöðvar (1000-2000 tonn/ári)
- b) Stærri iðn- og þjónustufyrirtæki (8 starfmenn og fleiri)

6. Flokkur

- a) Stórar fiskvinnslustöðvar (2000 tonn/ári og yfir)
- b) Heilbrigðisstofnun